



Breyting á tryggingagjaldi frá og með 1. júlí 2016

Tryggingagjald lækkar um 0,5% frá og með 1. júlí 2016 úr 7,35% í 6,85%. Nánar tiltekið lækkar almennt tryggingagjald úr 5,9% í 5,4%, en aðrir hlutar tryggingagjaldsins eru óbreyttir, s.s. atvinnutryggingagjald, markaðsgjald og gjald í ábyrgðarsjóð launa. Viðbót vegna launa sjómanna er óbreytt, 0,65%. Eftir þessa breytingu verður skipting tryggingagjalds með neðangreindum hætti:

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 6,85%

Tryggingagjald er 6,75%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 6,85%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

• Almennt tryggingagjald	5,40%
• Atvinnutryggingagjald	1,35%
• Tryggingagjald alls	6,75%
• Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota	0,05%
• Markaðsgjald	0,05%
• Samtals til staðgreiðslu	6,85%
• Viðbót vegna launa sjómanna	0,65%
• Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum]	7,50%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1 gilda sérstakar reglur.

*Vakin er athygli á því að skv. nýjum kjarasamningi milli SA og ASÍ mun mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóði **hækka um 0,5%** þann 1. júlí 2016. Eftir þessa breytingu verður almennt mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóði 8,5%.*

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is